



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Mánudagur, 22. janúar 2024

Fundur: 23. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Fjarfundur á Zoom.

Mætt:

Aðalstjórn: Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Vínkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Fundarboðun samþykkt og engin rafrænt afgreidd erindi.

2. Þing Frjálsíþróttasambandsins, skipulag og undirbúningur.

Fjölbreytt verkefni sem liggja fyrir sem þarf að vinna fram að þingi sem verður haldið í mars.

- Ársskýrsla (BG). Kalla eftir skýrslum frá nefndum og tryggja að síðasta ársskýrsla sé birt á vefnum.
- AÁ mun kynna fjárhagsáætlun og ársreikninga.
- Orðunefnd – úthlutun.
- Uppstillingarnefnd skilar tillögum.
- Skoða þarf og taka ákvarðanir um tillögur stjórnar á þinginu.
- Ganga þarf frá praktísk mál varðandi framkvæmd og fyrirkomulag þingsins í samvinnu við staðarhaldara (Skagafjörð og UMSS).

3. Hlaupaverkefnið

Langhlaupanefnd unnið gott starf og fylgt ramma með að þátttakendur í landsliðsverkefnum þurfi að vera í félagi innan FRÍ. Undirtektir jákvæðar og mikilvægt að gæta þess að þessu verði haldið áfram. Tryggja verður aðgengi hlaupahaldara að aðildarfélagalista FRÍ. Ítreka þarf við hlaupahaldara kröfu um að hlauparar keppi í félagsbúningum.

Næsta verkefni er að skýra hvernig félög fá aðild að FRÍ og tryggja að ferlið sé aðgengilegt. Einfalt er fyrir félög innan ÍSÍ að fá aðild en önnur félög þurfa að fara í gegnum héraðssambönd, sækja þar um aðild og fá þannig aðild að FRÍ. Vinna þarf kynningarefni fyrir hlaupahópa og hlaupahaldara um hvernig þetta virkar. Að því loknu verður farið í kynningarátak.

RO skoðar hverjir eru skráðir í félög. Félagaskráning FRÍ líklega ekki alveg rétt, þar sem aðeins þeir sem keppt hafa á braut séu skráðir en aðrir ekki, jafnvel þó félag sé aðili.

Þá þarf að taka ákvörðun um hvernig og hvort árgjald verði sett á.

Gjaldskrá. GK og FÓ hittu ÍTR sem óskaði eftir því að það yrði valkvætt hverjir yrðu skráðir í afrekaskrá. Stjórn FRÍ gengur ekki að því enda skulu allir skráðir inn. Aðeins þurfi að taka ákvörðun um hve há greiðsla fyrir hverja skráningu eigi að vera.

4. Önnur mál

RIG: Frjálsíþróttahluti RIG er í vinnslu en erfitt hefur verið að tryggja erlenda keppendur m.a. vegna skörunar við stór mót annars staðar. Er í vinnslu á skrifstofu.

Mikilvægt að reyna að fjölga auglýsingum til þess að mæta kostnaði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundagerð ritaði Bergþóra Guðjónsdóttir.